

## Krabbamein í ristli

Alþingi

Erindi nr. P 132/1262

komudagur 8.3.2006

### Staðreyndir um krabbamein í ristli og endaparmi á Íslandi.

Ristilkrabbamein er annað til þriðja algengasta krabbameinið meðal Íslendinga. Þetta krabbamein er önnur algengasta dánarorsök af völdum krabbameina. Árlega greinast að meðaltali 115 einstaklingar með þessi krabbamein á Íslandi. Hér á landi deyja 55 einstaklingar úr þessu krabbameini á hverju ári. Um fimmtugt byrjar nýgengi ristil- og endaparmskrabbameina að hækka. Konur fá þetta krabbamein eins og karlar, þó að nýgengi sé aðeins hærra hjá körlum. Um 85% krabbameina í ristli og endaparmi greinast um og eftir 65 ára aldur. Yfir 95% illkynja krabbameina í ristli og endaparmi hafa góðkynja forstíg. Frá upphafi forstígs (sepa) til myndunar illkynja æxlis eru 7-24 ár, að meðaltali 10 ár. Á ævinni er 6%-7% líkur (lifetime risk) á að fá krabbamein í ristil og endaparm.

Ef forstígsæxli eru fjarlægð er áhættan að fá þetta krabbamein lækkuð um 76-90%. Flestir sem hafa slík forstíg eða byrjandi krabbamein eru einkennalausir. Til að finna þessar meinsemdir snemma þarf að skoða einkennalaust fólk.

Við greiningu hafa 65% sjúklinga á Íslandi staðbundin og/eða fjarmeinvörp. Í 40% tilvika (við greiningu) er ekki mögulegt að beita skurðaðgerð til lækninga. Aðeins um 44% karla og 52% kvenna eru á lífi 5 árum eftir greiningu. Mestu skiftir að greina krabbameinið á byrjunarstigi, þá eru mestar líkur á lækningu.

Ef krabbameinið er takmarkað við slímhúð eru 5 ára lífslíkur	> 95%.
Ef krabbameinið er vaxið útfyrir ristilinn eru 5 ára lífslíkur	65%.
Ef krabbameinið hefur sáð sér í nálæga eitla eru 5 ára lífslíkur	50%.
Ef krabbameinið hefur fjar-meinvörpast eru 5 ára lífslíkur	< 10%.

Stórar rannsóknir sýna að við leit greinast fleiri á fyrri stigum með betri horfur.

Lyfja og/eða geislameðferð hefur lítil áhrif á lífslíkur ef krabbameinið er útbreitt

Um 15-20% krabbameina í ristli og endaparmi eru ættlæg.

Ef einn 1 <sup>o</sup> ættingi (t.d. faðir) hefur fengið krabbameinið er áhættan	1.7 föld.
Ef tveir eða fleiri 1 <sup>o</sup> ættingjar hafa fengið krabbameinið er áhættan	2.8 föld.
Ef tveir eða fleiri (einn undir 45 ára) 1 <sup>o</sup> ættingjar þá er áhættan	5.4 föld.

Hver er staðan nú á Íslandi?

Nýgengi ristilkrabbameins fer hækkandi meðal karla.

Nýgengi endaparmskrabbameins fer hækkandi meðal kvenna.

Nýgengi ristil- og endaparmskrabbameina fer hækkandi meðal Íslendinga.

Áætlað nýgengi ristil- og endaparmskrabbameina árin 2008-2012 er 127 einstakl.

Aukning í áætluðu nýgengi frá 1994 -1998 til 2008 2012 er um 20%.

Árið 2005 eru um 740 einstaklingar á lífi sem hafa greinst með ristilkrabbamein.

Aðrar staðreyndir.

Árleg athugun að blóði í hægðum (eftir 50 ára) getur fækkað dauðsföllum um 24%.

Með árvekni og réttum rannsóknum má fyrirbyggja og lækna þetta krabbamein.

Að þekkja sjúkdóminn (fræðsla) er okkar eina von til að forðast krabbamein í ristli.

Mögulegt er að fyrirbyggja stóran hluta þessa krabbameina með fræðslu og leit.

Án leitar munu fæst forstíga og byrjandi krabbamein finnast hjá fólki.

Kostnaður við að finna slíka meinsemd er áætlaður um 1.4 millj. króna (Landlæknir).

Með leit kostar að finna eitt krabbamein um 2-2.4 millj. króna (Hagfræðistofnun HÍ).

Fækkun dauðsfalla með leit að blóði í hægðum er vísindalega staðfesa aðferð (sú eina)

Greining og meðferð sjúklings með ristilkrabbamein kostar nú um 5-6 millj. króna.

Að óbreittu mun þessi kostnaður vaxa verulega (ný lyf og rannsóknir) á næstu árum.